

1158. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 8. mars 2017, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Benóný Valur Jakobsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Ragnar Þór Ingólfsson, Sigmundur Halldórsson, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Jóhanna S. Rúnarsdóttir félagslegur skoðunarmaður og Pétur Hansson frá Deloitte

Áður en að formleg fundardagskrá hófst óskaði Ólafía Björk eftir samþykki fundarmanna fyrir breytingu á fundardagskrá þannig að nýr liður kæmi inn nr. 5 er fjallar um launakjör framkvæmdastjóra LV og liðurinn Önnur mál fengi þá númerið 6.

Samþykkt.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1157. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1157. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Ársreikningur 2016.

Stefán lagði fram skjölin „VR ársreikningur 2016“ og „Lykiltölur VR 2016“. Fór hann svo yfir helstu atriði þeirra með slæðum á skjá. Í máli hans kom m.a. fram varðandi afkomu ársins 2016 að tekjur hafi aukist um 14,8% milli ára og voru nú 3.5 milljarðar kr. en gjöld hafi aukist um 5,6% og voru 2.9 milljarðar kr. Hreinar tekjur til ráðstöfunar lækka um 7,8% milli ára og voru 775 milljónir kr.

Næst fór Stefán yfir lykiltölur VR 2016 þar sem kom fram að félagsmönnum hefur fjölgað um 5,2% milli ára en þeir eru nú tæplega 33 þúsund. Fækkun hefur orðið í öllum þjónustubáttum s.s. afgreiðslum, símtölum oph. nema í fjölda mála á kjaramálasviði þar sem fjölgun var um 3,9%.

Ragnar Þór og Svanhildur Ólöf mættu hér til fundar kl. 17:45

Þá fór Stefán yfir rekstrartekjur og rekstrargjöld félagsins en tekjur aukast um 453 milljónir kr. milli ára og iðgjaldatekjur aukast um 14,6% milli ára. Iðgjöld og skattar aukast í takt við hækkun iðgjalda í félagssjóð milli ára og aukning er í útgreiðslu sjúkradagpeninga. Hlutfall sjúkradagpeninga af sjúkrasjóðsiðgjöldum lækkar þó milli ára og er 58,02% en var 62,86% árið á undan.

Stefán ræddi næst greiðslur úr VR varasjóði en greiddar voru út 493 milljónir kr. sem er 6,4% hækkun milli ára en að jafnaði voru félagsmenn að fá greiddar 34.600 kr. úr VR varasjóði á árinu, langmest vegna forvarna eða 75,1% allra geiðslna.

Varðandi fjármagnsliði kom fram að þeir hafi verið alls 247 milljónir, nafnávöxtun 3,30% en raunávöxtun 1,36%. Þá rakti hann þróun ávöxtunar eignasafns VR og fór yfir fjárfestingastefnu VR en sáralitlar breytingar voru gerðar á henni. Stefnan er eftir sem áður varfærin og lítil áhætta er tekin.

Varðandi rekstrarreikning þá kom fram að eignir VR eru alls rúmir 11 milljarðar kr. þar sem fastafjármunir eru 10.8 milljarðar og veltufrjármunir 319 milljónir kr. Rakti Stefán næst eignfærslur og skuldir og eigið fé. Skammtímaskuldir eru alls 144 milljónir kr. en skuldir og eigið fé eru samtals rúmlega 11 milljarðar kr.

Stefán fór þá lauslega yfir rekstrarreikning sjóða og svo tillögu um framlag í VR varasjóð vegna ársins 2016 en hún er svo hljóðandi:

Tillaga að framlagi ársins 2016 í varasjóð er kr. 785.000.000

Til viðbótar framlaginu er aukaframlag vegna ársins 2015 að upphæð kr. 7.109.317

Skipting á framlagi:

Sjúkrasjóður 494 m.kr.

Orlofssjóður 156 m.kr.

Félagssjóður 135 m.kr.

Kom fram í máli Stefáns að þessi upphæð í VR varasjóð samsvari um 42% aukningu milli ára en nú er í fyrsta sinn lagt til að fé komi í sjóðinn úr félagssjóði.

Nú tók til máls annar gesta fundarins, Pétur Hansson frá Deloitte og lagði hann fram skjalið “*VR Endurskoðunarskýrsla 2016*” sem hann fór yfir. Í máli Péturs kom m.a. fram að þetta sé áritun endurskoðenda á ársreikningi VR fyrir árið 2016 og þau vilji þakka starfsmönnum félagsins fyrir veitta aðstoð og upplýsingar. Sagði hann að þetta væri áhættumiðuð endurskoðunaráætlun þar sem unnið væri með lykilþætti sem skilgreindir eru miðað við mikilvægi og flækjustig.

Fór Pétur þá næst yfir helstu atriðin úr endurskoðuninni og lýsti einnig endurskoðunaraðferðinni. Þegar stjórn hefur staðfest ársreikninginn munu endurskoðendur Deloitte svo árita hann og það er álit þeirra að ársreikningur VR 2016 gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu, og efnahag þess þann 31.12 2016.

Jóhanna S. Rúnarsdóttir félagslegur skoðunarmaður tók nú til máls og vildi láta bóka þakkir til Stefáns sem hafi brugðist mjög vel og fljótt við fyrirspurnum hennar og Benedikts Vilhjálmssonar.

Ólafía Björk þakkaði nú Pétri fyrir hans framlag og alla vinnu Deloitte fyrir VR síðustu árin.

Pétur tók til máls og þakkaði einnig fyrir samstarfið og bar fundinum þakkir og kveðju Pálínu Árnadóttur endurskoðanda hjá Deloitte.

Ársreikningurinn var þessu næst samþykktur og undirritaður af öllum fundarmönnum.

Að lokum var þeim Pétri og Jóhönnu S. þakkað með lófataki og véku þau næst af fundi kl. 18:35.

3. Kjaramál

Ólafía Björk sagði ekki mikið nýtt hafa gerst í stöðu kjaramála eftir að samþykkt var að opna ekki samninga en ræddi stuttlega stöðu jafnlaunavottunar. Ráðherra hefur opnað á að launþegahreyfingin og atvinnurekendur komi sameiginlega að álitsgerð á frumvarpi hans um innleiðingu jafnlaunavottunar. Þetta er mikill og stór hópur sem fjallar um málið og gaman sé að geta þess að útgangspunkturinn sé byggður á Jafnlaunavottun VR. Fundur er fyrirhugaður á morgun og komi þar líka fulltrúar frá BSI, Rönning og Pipar sem muni ræða sína reynslu af vottun. Ef við komumst ekki að sameiginlegri niðurstöðu mun ráðherra væntanlega stilla þessu upp eftir sínu höfði.

Umræður.

Undir þessum dagskrárlið bað Ólafía Björk fundarritara um að bóka þær lagabreytingatillögur sem stjórn samþykkti sín á milli í tölvupósti milli funda en þær ásamt áður samþykktum lagabreytingum mun stjórn leggja fyrir næsta aðalfund félagsins þann 28. mars nk.

Þessar viðbótartillögur sem stjórn hefur nú samþykkt eru eftirfarandi:



Breyting nr. 1 Breytingartillaga á 1. gr laga VR um starfssvæði

Núverandi hljóðan:

„1. gr. Heiti, starfssvæði

Félagið heitir VR og er stéttarfélag verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólks. Félagssvæði þess nær yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar, Álftaness, Kjósahrepps, Vestmannaeyja, Húnaþings vestra, Akraness og nágrennis, Langanesbyggðar, Vopnafjarðahrepps, Borgarfjarðahrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps, Fjarðabyggðar, Breiðdalshrepps og Djúpavogshrepps. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.“

Verði:

„1. gr. Heiti, starfssvæði

Félagið heitir VR og er stéttarfélag verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólks. Félagssvæði þess nær yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar, Kjósahrepps, Vestmannaeyja, **Árnessýslu, Rangárvallarsýslu, Vestur-Skaftafellssýslu**, Húnaþings vestra, Akraness og nágrennis, Langanesbyggðar, Vopnafjarðahrepps, Borgarfjarðahrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps, Fjarðabyggðar, Breiðdalshrepps og Djúpavogshrepps. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.“

Breyting nr. 6
Breytingartillaga á 20. gr laga VR
um lagabreytingar

Núverandi hljóðan:

„20.3. Um framkvæmd kosninga

.....

Til að listi sem borinn er fram gegn lista trúnaðarráðs sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 300 félagsmanna.“

.....

Verði:

20.3. Um framkvæmd kosninga

.....

Til að listi sem borinn er fram gegn lista trúnaðarráðs sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli **1%** félagsmanna.

Breyting nr. 7

Breytingatillaga á 21. gr laga VR um kjör á þing LÍV og ársfund ASÍ

Núverandi hljóðan:

„21. gr. Kjör á þing LÍV og ársfund ASÍ

Um kosningu fulltrúa á þing Landssambands íslenskra verzlunarmanna og ársfund Alþýðusambands Íslands er heimilt að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu og skal hún fara fram eftir reglugerð ASÍ þar um. Taka skal mið af 18. grein um kosningar eftir því sem við á.“

Verði:

21. gr. Kjör á þing LÍV og ársfund ASÍ

Um kosningu fulltrúa á þing Landssambands íslenskra verzlunarmanna og ársfund Alþýðusambands Íslands er heimilt að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu og skal hún fara fram eftir reglugerð ASÍ þar um. **Komi til allsherjaratkvæðagreiðslu um lista fulltrúa þarf samþykki allra þeirra sem á listanum eru að liggja fyrir. Til að listi sem borinn er fram gegn lista stjórnar og trúnaðarráðs VR sé löglega fram borinn þarf hann skrifleg meðmæli 1% félagsmanna.** Taka skal mið af 18. grein um kosningar eftir því sem við á.

Breyting nr. 9

Breytingatillaga á 25. gr laga VR um félagsfundi

Núverandi hljóðan:

„25. gr. Félagsfundir

Félagið heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Þó skal stjórninni skylt að boða til fundar, þegar eigi færri en 200 félagsmenn krefjast þess skriflega og skal fundurinn haldinn innan 7 daga frá því að stjórninni barst krafan í hendur. Fundur telst lögmætur, sé hann boðaður með auglýsingum í dagblöðum og helstu netmiðlum með minnst tveggja daga fyrirvara.„

Verði:

25. gr. Félagsfundir

Félagið heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Þó skal stjórninni skylt að boða til fundar, þegar eigi færri en **1% félagsmanna** krefjast þess skriflega og skal fundurinn haldinn innan 7 daga frá því að stjórninni barst krafan í hendur. Fundur telst lögmætur, sé hann boðaður **með auglýsingu í útvarpi, dagblöðum og vefmiðlum VR eða á annan sannanlegan hátt** með minnst tveggja daga fyrirvara.

4. Tillögur stjórnar fyrir aðalfund VR 28. mars 2017

Ólafía Björk lagði nú fram skjalið „*Minnisblað – Tillögur fyrir aðalfund VR 2017*“ dags. 2. mars 2017 og fór yfir efni þess á slæðum á skjá.

Tillögurnar eru eftirfarandi:

Fundarstjóri:

Guðmundur B. Ólafsson

Fundarritari:

Árni Leósson

Tillaga um framlag í Varasjóð:

Tillaga um framlag í Varasjóð 785.000.000 kr. fyrir árið 2016 auk viðbótar framlags að upphæð 7.109.317 vegna aukakaupa.

Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu:

Tillaga að endurskoðunarskrifstofan KPMG sjái um endurskoðun félagsins fyrir reiknisárið 2017.

Kosning á skoðunarmönnum:

Tillaga um Jóhönnu S. Rúnarsdóttur og Benedikt Vilhjálmsson sem skoðunarmenn VR. sbr. 27. gr. laga VR.

Tillaga um félagsgjald:

Tillaga um að félagsgjald verði óbreytt, 0,7% af launum og lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skuli þó eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunarlaunum 20 ára afgreiðslufólks frá og með sama tíma. Tillaga um félagsgjaldið skiptist á milli Félagssjóðs VR og Vinnudeilusjóðs VR þannig að 0,6% af launum renni í félagssjóð VR og 0,1% renni í Vinnudeilusjóð VR.

Tillaga um stjórnarlaun:

Í samræmi við samþykkt á síðasta aðalfundi þar sem samþykkt var að stjórnlaun myndu framvegis taka breytingum í samræmi við launavísitölu VR sem hækkaði um 7,94% miðað við 12 mánaða breytingu á árinu 2016. Stjórnarlaun eru 43.669 kr. á mánuði og verði því 47.118 kr. á mánuði. Fyrsti varamaður fái sömu stjórnarlaun og aðalmenn í stjórn VR, aðrir varamenn fái 23.560 kr. fyrir hvern setinn stjórnarfund, en þó aldrei meira en laun sem aðalmaður fengi. Formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR, formaður Orlofsstjórnar VR og varaformaður stjórnar fái 1,5 stjórnarlaun á mánuði.

Að lokinni yfirferð bar Ólafía Björk þessar tillögur upp til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

Þá lagði Ólafía Björk fram skjalið „*Minnisblað – Tillaga um framlag í Vinnudeilusjóð VR*“ en Stefán fór yfir efni þess á slæðum á skjá. Tillagan er svohljóðandi:

Lögð er fram tillaga að ákveðið hlutfall af félagsgjaldi renni í Vinnudeilusjóð VR. Á aðlafundi VR 23. mars 2015 var samþykkt reglugerð fyrir Vinnudeilusjóð VR. Þar segir að tekjur sjóðsins sé framlag úr félagssjóði, ákveðið á aðalfundi félagsins hverju sinni. Í Vinnudeilusjóði var lengst af um 1 milljarður króna en lagt var sérstakt framlag 2 milljarðar króna í sjóðinn á vormánuðum 2015. Eignir sjóðsins í loka árs 2016 voru 3.168.035.107 kr. og voru tekjur sjóðsins eingöngu fjármunatekjur. Eignir sjóðsins eru um 113.000 kr. á hvern fullgildann félagsmann.

Tillaga er gerð um að 0,1% af 0,7% af félagsgjaldi renni í Vinnudeilusjóð VR. Miðað við rekstur VR árið 2016 væru þetta um 165 m.kr. á ári.

Hreinar tekjur til ráðstöfunar hjá félagssjóði árið 2016 voru 216,4 m.kr. og 150,6 m.kr. fyrir ávöxtun á eignum félagssjóðs. Auk þess er gert ráð fyrir að framlag Félagssjóðs í VR varasjóð verði 135 m.kr. vegna ársins 2016. Eignir Félagssjóðs VR í verðbréfum voru um 1,5 milljarður króna um síðustu áramót.

Þó stefni ekki í að nota þurfi Vinnudeilusjóð VR á næstunni þarf að huga að þeim sjóði til framtíðar. Til að geta beitt verkfalli, eða hótad því, þarf félagið að eiga til sterkann vinnudeilusjóð því ef lítill eða enginn sjóður er fyrir hendi er hótun um verkfall frekar bitlaust vopn.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ólafía Björk ofangreinda tillögu upp til atkvæða.

Samþykkt samhljóða.

5. Launakjör framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV)

Ólafía Björk sagði tilefni þessa dagskrárliðar tengjast beiðni Ragnars Þórs um efni úr fundargerðum sem búið er að setja á stjórnarvefinn. Það er skjalið „*Minnisblað – Efni: um laun hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna úr fundargerðum stjórnar VR og frá ársfundi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.*“ Ólafía Björk sagði að um þetta efni hafi verið töluvert rætt og hafi hún m.a. skrifað um það grein en einnig hafi hún átt samtöl um efnið við stjórnarmenn okkar í sjóðnum. Við skoðun á fundargerðum hafi komið í ljós að stjórn VR hafi aldrei samþykkt eða látið bóka í fundargerð ályktun um launamál framkvæmdastjóra sjóðsins fyrir ársfund sjóðsins árið 2009 þar sem þó voru

lesin upp tilmæli frá stjórn VR um laun framkvæmdastjórans. Ályktun kom ekki fyrir í fundargerð fyrir en eftir ársfundinn og hafi henni þá verið breytt og starfsmenn lífeyrissjóðsins beðnir afsökunar á orðalagi þeirrar tillögu sem lesin var upp á ársfundinum.

Umræður.

Í umræðum sagði Ragnar Þór að það sé ekki rétt að tillaga hafi ekki verið samþykkt og bókuð í fundargerð og telji hann að fundargerðum hafi verið breytt. Mun hann leita staðfestingar þess hjá þeim stjórnarmönnum sem sátu viðkomandi fundi árið 2009.

Ólafía Björk lagði nú fram skjalið „*Minnisblað – Efni: Tilmæli frá stjórn VR til stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna*“ dags. 8. mars 2017 sem er tillaga að tilmælum til stjórnar LV.

Tillaga hennar er eftirfarandi:

„Stjórn VR ítrekar fyrri tilmæli til stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna um að laun framkvæmdastjóra sjóðsins séu á hverjum tíma ákvörðuð með tilliti til launakjara sambærilegra aðila á vinnumarkaði.“

Umræður.

Ragnar Þór lagði fram eftirfarandi gagentillögu:

„Stjórn VR beinir því til stjórnarmanna okkar í Lífeyrissjóði verzlunarmanna að launapak verði sett á framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn sjóðsins og verði þau ekki hærri en laun Fjármála- og viðskiptaráðherra.“

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ólafía Björk upp tillögurnar tvær til atkvæða. Fyrst var kosið um tillögu Ragnars Þórs: 1 með 9 á móti – þrír sitja hjá. Þá var kosið um tillögu Ólafíu Bjarkar: 10 með enginn á móti – þrír sitja hjá.

Tillaga Ólafíu Bjarkar telst því samþykkt.

Fundi var slitið kl. 20:10
Árni Leósson, fundarritari